

## 21. fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Fundargerð

Fundur haldinn miðvikudaginn 8. mars 2017 kl. 15:00 að Garðvegi 1, Sandgerði.

### Viðstaddir:

Björk Guðjónsdóttir, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands  
Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum  
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja  
Jóna Rut Jónsdóttir, fulltrúi SSS  
Ólafur Þór Ólafsson, stjórnarformaður og fulltrúi Sandgerðisbæjar  
Sverrir Guðmundsson, fulltrúi Keilis

Stjórnarformaður setti fundinn. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Síðustu fundir

Forstöðumaður sagði frá ársfundi þekkingarsetra og sambærilegra stofnana sem haldinn var hjá Þekkingarneti Þingeyinga á Húsavík 22. febrúar síðastliðinn. Fundurinn var bæði áhugaverður og gagnlegur en þar kynntu setrin starfsemi ársins og rætt var um sameiginlega þætti og markmiðslýsingar í starfsemi setrana. Næsti fundur verður að öllum líkindum haldinn í október hjá Austurbrú á Egilsstöðum.

#### 2. INTERACT fréttir

Forstöðumaður sagði frá kick-off fundi INTERACT sem haldinn var í Keflavík 24.- 27. janúar síðastliðinn. Þekkingarsetrið kom að skipulagningu fundarins, sem gekk mjög vel og þátttakendur voru ánægðir með. Alls tóku 55 manns þátt í fundinum og flestir þeirra komu erlendis frá. Næsti fundur samtakanna verður haldinn í október en staðsetning hefur ekki verið ákveðin. Þá sagði forstöðumaður frá því að ein umsókn hefði borist INTERACT um aðgang að rannsóknaaðstöðu Þekkingarsetursins en að matsnefnd hefði hafnað henni. Aftur verður auglýst eftir umsóknum síðar á þessu ári. Rætt var um umsýslu fjármagns sem koma mun frá INTERACT.

#### 3. Starfsáætlun ársins kynnt

Forstöðumaður fór yfir helstu verkefni ársins sem kynnt eru í starfsáætlun. Hún er aðgengileg á heimasíðu Þekkingarsetursins undir Skjöl.

#### 4. Viðhaldsáætlun ársins kynnt

Forstöðumaður kynnti viðhaldsáætlun ársins. Rætt var um ástand hússins og stóra viðhaldsliði næstu ára sem verða kostnaðarsamir. Afgangur viðhaldsstyrks á hverju ári safnast í sjóð til að standa straum af þeim.

#### 5. Gestafjöldi síðasta árs

Farið var yfir gestafjölda sýninga á síðasta ári. Heildarfjöldi gesta var örlítið lægri en árið áður en fjölgun hefur orðið í hópi erlendra ferðamanna. Upplýsingarnar verða sendar á bæjarskrifstofuna.

#### 6. Önnur mál

##### a. Tilboð í tryggingar

Leitað var eftir tilboðum í váttryggingar hjá tveimur tryggingafélögum en stjórn styður áframhald hjá núverandi tryggingafélagi.

##### b. Tímasetning ársfundar

Ákveðið var að ársfundur setursins verði miðvikudaginn 3. maí kl. 16:00.

Fundi var slitið kl. 16:35.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

---

Björk Guðjónsdóttir - SIGN

---

Halldór Pálmar Halldórsson - SIGN

---

Jóna Rut Jónsdóttir - SIGN

---

Sverrir Guðmundsson - SIGN

---

Ólafur Þór Ólafsson - SIGN

---

Hanna María Kristjánsdóttir - SIGN